

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, Arnarbæli og Ósgerði, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. janúar 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 frá 4. janúar 2005.

Í breytingunni felst að 7 ha svæði undir frístundabyggð er breytt í landbúnaðarsvæði. Einnig eru innan fyrrgreinds svæðis færðar á uppdrátt þekktar forminjar sem njóta hverfisverndar.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. janúar 2011.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*